

Ed.

584. Frumvarp til laga

[283. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

1. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:
Í sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður Ríkisútvarpsins, skal leggja 10% af brúttótekjum stofnunarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar afnotagjöld Ríkisútvarpsins voru ákveðin síðastliðið sumar var við það miðað af hálfu menntamálaráðuneytisins að unnt væri að ætla til framkvæmda og þá fyrst og fremst til húsbyggingar útvarpsins 10% af brúttótekjum.

Í útvarpslögunum er mælt svo fyrir í 14. gr., að leggja skuli 5% af brúttótekjum í Framkvæmdasjóð.

Í upphafi III. kafla, sem fjallar um fjármál Ríkisútvarpsins, segir:

„Ríkisútvarpið hefur sjálfstæðan fjárhag. Tekjum þess má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar eða útvarpsnota.“

Ríkisútvarpið hefur að sjálfsögðu greitt ýmsar framkvæmdir af tekjum sínum, afnotagjöldum og auglýsingatekjum. Skylt er skv. lögum að leggja 5% í Framkvæmdasjóð. Fé hans er skylt að nota til að „ tryggja viðunandi húsnæði og tækjakost.“ Þegar ákveðið var að hefja framkvæmdir við húsbyggingu taldi þáverandi menntamálaráðherra skynsamlegt að ætla til þeirra framkvæmda 10% af brúttótekjum. Samkv. grófri áætlun um byggingarkostnað og um heildartekjur Ríkisútvarpsins mundi það nægja til að greiða byggingarkostnað á 12—15 árum, þar með talinn fjármagnskostnaður.

Ekkert virtist því til fyrirstöðu að ætla 10% af brúttótekjum til slíkra stórfamkvæmda, þótt ekki væri skylt samkv. lögum að leggja í „Framkvæmdasjóð“ nema 5%. Í bréfi menntamálaráðuneytisins til útvarpsstjóra, sem ritað var rétt fyrir síðustu stjórnarskipti, segir svo:

„Menntamálaráðuneytið telur, að með hækkun afnotagjalda Ríkisútvarpsins 1. september hafi verið gert mögulegt að ætla 10% af brúttótekjum stofnunarinnar til húsbyggingar. Ekki virðist vera lagagrundvöllur til að hækka framlag í Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins úr 5% í 10%. En ráðuneytið telur eðlilegt, að stofnunin ætli til byggingarframkvæmdanna, sem fyrirsjáanlega kosta stórfé, samsvarandi fjárhæð.“

Nú hefur komið í ljós, að ríkisendurskoðun er á öndverðri skoðun og hefur beitt sér gegn þessu.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur enn sem fyrr skynsamlegt að tryggja fjármögnun útvarpshússins með þeim hætti að leggja til framkvæmdanna 10% af brúttótekjum næstu ára. Við umræður um málefni Ríkisútvarpsins í sameinuðu Alþingi á dögum kom fram eindreginn vilji þingmanna að tryggja sem best hag þeirrar stofnunar. Með það í huga og þó einkum og sér í lagi brýna þörf Ríkisútvarpsins fyrir bættan húsakost og tækjabúnað er frumvarp þetta fram horið. Það er svo einfalt, að meðferð þess ætti ekki að þurfa að tefja önnur þingstörf að marki.